

## Spor

Nótt eina dreymdi mann draum. Honum fannst sem hann væri á gangi eftir ströndu með Drottni. Í skýjum himins flöktu myndir úr lífi mannsins. Við hverja mynd greindi hann tvenns konar fótspor í sandinum, önnur sín eigin, hin Drottins.

Þegar síðasta myndin birtist fyrir augum hans, leit hann um öxl, á sporin í sandinum. Hann tók eftir því, að víða á leiðinni voru aðeins ein spor. Hann sá einnig að það var á þeim augnablikum lífsins sem hve erfiðust höfðu reynst.

Þetta olli honum miklu hugarangri, og hann tók það ráð að spyrja Drottin hverju þetta sætti. „Drottinn, þú sagðir að þegar ég eitt sinn hefði ákveðið að fylgja þér, myndir þú ganga alla leiðina í fylgd með mér. En ég hef tekið eftir, að meðan á erfiðustu stundum lífs míns hefur staðið, eru bara ein spor í sandinum. Ég get ekki skilið, hvernig þú gast fengið af þér að skilja mig eftir einan, þegar ég þarfnæðist þín mest.“

Drottinn svaraði: „Þú dýrmæta barn mitt. Ég elska þig, og myndi aldrei skilja þig eftir eitt. Á meðan þessir erfiðu tímar lífs þíns liðu þar sem þú sérð aðeins ein spor var það ég sem bar þig.“

Höf: ókunnur